

# Ársreikningur 2022



Akraneskaupstaður

Gáma

## Efnisyfirlit

---

	Bls.
Áritun endurskoðenda .....	3-4
Skýrsla og áritun stjórnar .....	5
Rekstrarreikningur .....	7
Efnahagsreikningur .....	8-9
Sjóðstreymi .....	10
Skýringar .....	11-14

## Áritun óháðs endurskoðanda

### Áritun um endurskoðun ársreikningsins

#### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Gámu fyrir árið 2022. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu fyrirtækisins 31. desember 2022, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

#### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð fyrirtækinu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

#### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi fyrirtækisins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

#### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi fyrirtækisins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi fyrirtækisins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins , frh.:**

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti.

**Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akranesi, maí 2023.

**Endurskoðunarstofan Álit ehf.**

---

Jón Þór Hallsson, löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla og áritun stjórnar

---

Gáma er B hluta stofnun sem hefur með höndum rekstur móttökustöðvar fyrir sorpúrgang íbúa á Akranesi.

Rekstrartekjur fyrirtækisins á árinu námu 97,6 millj. kr., en neikvæð rekstrarafkoma ársins nam 3,6 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir fyrirtækisins í árslok 33,5 millj. kr. og heildarskuldir 32,2 millj. kr. Eigið fé í lok ársins nam 1,3 millj. kr.

Í upphafi ársins sem og í árslok var Akraneskaupstaður eini eigandi Gámu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu Gámu á árinu 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022.

Bæjarráð Akraness hefur í dag rætt ársreikning Gámu fyrir árið 2022 og staðfestir hann með undirritun sinni. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja ársreikninginn.

Akranesi,      apríl 2023.

**Bæjarráð:**

**Bæjarstjóri:**

## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	2022	2022 Áætlun	2021
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Þjónustutekjur .....	2	95.640.000	100.463.915	95.640.000
Aðrar tekjur .....		<u>1.940.400</u>	<u>100.463.915</u>	<u>1.709.400</u>
		<u>97.580.400</u>	<u>100.463.915</u>	<u>97.349.400</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Lífeyrisskuldbinding .....		2.964.910		3.858.951
Annar rekstrarkostnaður .....	3	<u>98.853.821</u>	<u>97.160.172</u>	<u>88.052.079</u>
	2	101.818.731	97.160.172	91.911.030
Afskriftir .....	5	<u>327.156</u>	<u>326.238</u>	<u>327.156</u>
		<u>102.145.887</u>	<u>97.486.410</u>	<u>92.238.186</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði .....		(4.565.487)	2.977.505	5.111.214
<b>Fjármagnsliðir:</b>				
Vaxtatekjur .....	4	<u>957.509</u>	<u>554.000</u>	<u>757.993</u>
<b>Rekstrarafkoma, (neikvæð) jákvæð .....</b>	<b>1,2,9</b>	<b><u>(3.607.978)</u></b>	<b><u>3.531.505</u></b>	<b><u>5.869.207</u></b>

## Efnahagsreikningur

		Eignir:	
		Skýr.	
		31.12.2022	31.12.2021
<b>Fastafjármunir:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Húseignir .....		4.743.465	5.070.621
Lóðaframkvæmdir .....		4.369.403	4.369.403
Búnaður og tæki .....		754.936	754.936
	Fastafjármunir	5	
		<u>9.867.804</u>	<u>10.194.960</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Skammtímakröfur:			
Viðskiptakrafa, Aðalsjóður .....		8	
	Veltufjármunir	<u>23.623.441</u>	<u>25.142.069</u>
		<u>23.623.441</u>	<u>25.142.069</u>

<b>Eignir samtals</b>	1,2	<u><b>33.491.245</b></u>	<u><b>35.337.029</b></u>
-----------------------	-----	--------------------------	--------------------------

## 31. desember 2022

---

### Eigið fé og skuldir:

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé, jákvætt .....	6	<u>1.314.775</u>	<u>4.922.753</u>
<b>Skuldbindingar:</b>			
Lífeyrisskuldbindingar .....	7	<u>30.916.470</u>	<u>29.341.276</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Næsta árs greiðsla lífeyrisskuldbindinga .....		<u>1.260.000</u>	<u>1.073.000</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>32.176.470</u>	<u>30.414.276</u>

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1,2</b>	<b><u>33.491.245</u></b>	<b><u>35.337.029</u></b>
------------------------------------	------------	--------------------------	--------------------------



## Sjóðstreymi árið 2022

	Skýr.	2022	2022 Áætlun	2021
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>				
Rekstarafkoma ársins (neikvæð) jákvæð .....		(3.607.978)	3.532.000	5.869.207
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Reiknaðar afskriftir .....		327.156	326.000	327.156
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....		2.964.910		3.858.951
Veltufé (til rekstar) frá rekstri		<u>(315.912)</u>	<u>3.858.000</u>	<u>10.055.314</u>
Handbært fé (til rekstar) frá rekstri		<u>(315.912)</u>	<u>3.858.000</u>	<u>10.055.314</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>				
Greiddur lífeyrir .....		(1.202.716)		(979.151)
Eigin fyrirtæki, breyting .....		<u>1.518.628</u>	<u>(3.858.000)</u>	<u>(9.076.163)</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>315.912</u>	<u>(3.858.000)</u>	<u>(10.055.314)</u>
Hækkun á handbæru fé .....		0	0	0
Handbært fé í ársbyrjun .....		0	0	0
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<b><u>0</u></b>	<b><u>0</u></b>	<b><u>0</u></b>

## Skýringar

### Reikningsskilin:

#### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

2. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.

#### Innlausn tekna

- a. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við þá þjónustu sem veitt hefur verið til uppgjörsdags.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

#### Færsla gjalda

- b. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

#### Verðlags- og gengisviðmið

- c. Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

- d. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlags-verði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	40 ár
Lóðarframkvæmdir .....	12 ár
Búnaður og tæki .....	7 ár

#### Lífeyrisskuldbinding

- e. Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanna Gámu er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

#### Fjárhagsáætlun og sundurliðanir ársreiknings

- f. Fjárhagsáætlun Gámu fyrir árið 2022 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymis- yfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu nr. 9.

Sundurliðanir ársreikningsins í samanburði við fjárhagsáætlun og niðurstöður fyrra árs eru birtar í fylgiriti með ársreikningnum.



Gáma

Skýringar, frh.:

Eigið fé:

6. Yfirlit um eiginfjárreikninga greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Eigið fé í ársbyrjun, jákvætt (neikvætt) .....	4.922.753	(946.454)
Rekstarafkoma ársins, (neikvæð) jákvæð .....	(3.607.978)	5.869.207
	<u>1.314.775</u>	<u>4.922.753</u>

Skuldbindingar:

7. Á Gámu hvílir skuldbinding vegna verðbóta á lífeyrisréttindi starfsmanna hennar sem eiga aðild að Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar n(nú deild í Brú lífeyrissjóð). Reiknuð hækkun á árinu á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningum tryggingastærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir á árinu er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Skuldbindingin er færð til skuldar í efnahagsreikningi sem langtímaskuld. Breyting skuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

	31.12.2022	31.12.2021
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	30.414.276	27.534.476
Reiknuð breyting áfallinar lífeyrisskuldbindingar .....	2.964.910	3.858.951
Greiddur lífeyrir .....	<u>(1.202.716)</u>	<u>(979.151)</u>
	32.176.470	30.414.276
Áætluð næsta árs greiðsla .....	<u>(1.260.000)</u>	<u>(1.073.000)</u>
	<u>30.916.470</u>	<u>29.341.276</u>

Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:

Árin 2023-2027/2022-2026 .....	7.200.000	6.800.000
Árin 2028-2032/ 2027-2031 .....	6.000.000	5.700.000
Árin 2033-2037/2032-2036 .....	5.800.000	5.400.000
Síðar .....	<u>13.176.470</u>	<u>12.514.276</u>
	<u>32.176.470</u>	<u>30.414.276</u>

Viðskipti við tengda aðila:

8. Viðskipti við aðalsjóð og innri fyrirtæki á árinu 2022 og staða viðskiptakröfu í árlök 2022 greinast þannig:

	Tekjur	Rekstrar- gjöld	Vaxta tekjur	Viðskipta- kröfur 31.12.2022
Aðalsjóður og önnur innri fyrirtæki .....	<u>95.640.000</u>	<u>5.571.259</u>	<u>957.509</u>	<u>23.623.441</u>

